



Barbara  
Cartland

Ást og metnaður



A close-up portrait of a woman with light brown, wavy hair and blue eyes, looking slightly to the left. She is wearing pearl earrings. The background is a soft, warm-toned studio shot. Overlaid on the bottom half of the image is a winter landscape with a snow-covered cabin, evergreen trees, and mountains under a blue sky.

Barbara  
Cartland

Ást og metnaður

95

 SAGA  
EGMONT

Barbara Cartland

Ást og metnaður  
(Hin eilífa sería Barböru Cartland 11)

SAGA Egmont

*Ást og metnaður (Hin eilífa sería Barböru Cartland 11)*

Translated by Skúli Jensson

Original title: *No Heart Is Free*

Original language: English

Cover image: Shutterstock

Copyright © 1948, 2021 Barbara Cartland and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726707168

1st ebook edition

Format: EPUB 3.0

No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

[www.sagaegmont.com](http://www.sagaegmont.com)

Saga Egmont - a part of Egmont, [www.egmont.com](http://www.egmont.com)

# 1. Kafli

Þegar Tally beygði inn í Chesterfield Hill, sá hann Meliu bregða fyrir á leið inn í nr. 96. Hún var líka í eldrauðu kápunni, sem þau höfðu rifizt út af fyrir nokkrum dögum.

— Hvers vegna viltu líkjast flakkandi póstkassa? hafði hann spurt og Melia, sem aldrei þoldi gagnrýni, hafði orðið ofsareið.

— Allir hafa dáðst að mér í þessari kápu, sagði hún reiðilega og sneri sér til að geta betur skoðað sig í stóra, gyllta speglinum í dagstofu móður sinnar.

— Það efa ég ekki, sagði Tally. Hann vissi, að dáðst var að Meliu, hverju sem hún klæddist, því að hún var í meira afhaldi en flestir aðrir og hafði forystuna í hinum stóra kunningjahópi. En samt þoldi hann ekki þessa rauðu kápu. Liturinn var of æpandi, hann svívirði fegurð hennar og hjartalagað andlitið með stóru, dökku augunum. En hann vissi, að það þýddi ekki að andmæla. Ungfrú Melia Melchester var vön að fá vilja sínum framgengt og hlustaði aldrei á góð ráð, ekki einu sinni, þegar þau komu frá manningnum, sem hún hafði loksins valið sér. Tally andvarpaði vonsvikinn, þegar hann ók upp brekkuna og nam staðar fyrir framan nr. 96.

Hann drap á vélinni, stökk út, gekk að dyrunum og hringdi. Það leið nokkur stund, áður en gráhærði þjónninn opnaði dyrnar treglega.

— Góðan dag, Oakes, sagði Tally og bjóst til að ganga inn.

— Ungfrú Amelia er ekki heima, lávarður minn.

— Jú, hún er það. Ég sá, að hún var að koma heim. Þér hljótið að hafa fengið yður blund í hliðarherberginu, fyrst þér urðuð hennar ekki var.

— Mér þykir það leitt, lávarður minn, en ungfrú Amelia er ekki heima. Rödd Oakes var svo alvarleg, að Tally starði undrandi á hann.

— Fjórinn sjálfur, Oakes. Ég held, að yður sé alvara. Á ég að skilja það þannig, að hún sé ekki heima fyrir mig?

— Það má líklega segja það þannig, lávarður minn.

Tally horfði reiðilega á þjóninn, en svo hló hann. — Reynið nú einu sinni að vera dálítið mannlegur, Oakes. Er hún reið við mig — eða hvað er eiginlega að?

Oakes hugsaði sig vandlega um, en sagði svo í lágum hljóðum:

— Ég er með bréf til yðar, lávarður minn. Ungfrú Amelia bað mig að senda það í klúbbinn yðar fyrir nokkrum stundum, en ég hefi engan haft til að senda.

— Bréf? Komið með það og við skulum sjá, hvað í því stendur. Oakes dró umslag upp úr vasa á kjóllafinu. Það var stórt, blátt umslag og utan á það skrifað nafn Tallys með stórri og greinilegri skrift Melissu.

— Við skulum sjá, hvað ég hefi gert, sagði Tally.

— Það væri ef til vill skynsamlegra, að þér færuð með það í klúbbinn og læsuð það þar, lávarður minn, stakk Oakes upp á.

— Þér viljið sem sagt gjarnan losna við mig. En það tekst ekki. Ég les það hér og ef ég get gefið yður svar nú strax, þá spara ég þó frímerki ... eða réttara sagt símahringingu.

Tally reif upp bréfið og dró út tvær þéttskrifaðar arkir. Án þess að hirða um Oakes hallaði hann sér upp að dyrastafnum og hóf lesturinn. Í sama bili hringdi síminn.

— Ef mér leyfist, lávarður minn ..., sagði Oakes.

— Farið þér bara og svarið símanum, sagði Tally. — Og lokið dyrunum, því að það er súgur.

Oakes vissi ekki vel, hvað hann ætti að gera við þennan sauðþráa unga mann. Á endanum lokaði hann dyrunum og flýtti sér inn til að svara í símann.

Tally las fyrstu síðuna, byrjaði á þeirri næstu, svo fleygði hann hatti sínum á stól með reiðiöskri og hentist upp stigann. Á annarri hæð hratt hann upp hurð og æddi inn í herbergið eins og fellibylur.

Melia Melchester hentist upp úr sóffanum með undrunarópi. Hún var komin úr rauðu kápunni og var klædd þröngum, svörtum kjól, sem sýndi vel bæði vöxt hennar og hvíta húð. Svart hárið var skipt í miðju og augnabrúnirnar voru eins og tveir litlir vængir yfir dökkum, glitrandi augunum.

— Tally! sagði hún. — En hvað þú gerðir mér bylt við!

Tally skellti aftur hurðinni, svo að small í og gekk til hennar. Hann var óvenju glæsilegur, með magurt sólbrúnt andlit og þjálfaðan líkama, en þessa stundina var Melia of æst til að hafa áhuga á ákjósanlegu útliti.

— Ég bað Oakes að segja, að ég væri ekki heima.

— Já, ég veit það, svaraði Tally. — En ég vil fá að vita, hvað þetta á að þýða?

Hann veifaði bréfi hennar.

— Mér finnst þó, að ég hafi skýrt það nógu vel, svaraði hún.

— Ég vil fá að vita, hver meiningin er, endurtók Tally. Melia dró djúpt andann og gekk að arninum.

— Tally, sagði hún blíðlega. — Það er tilgangslaust fyrir þig að vera með nokkur læti. Mér þykir það leitt, en ég get sem sagt ekki gifzt þér.

— Hvers vegna ekki? spurði hann æstur.

— Af því að ... ja-a, það eru margar ástæður og þér er alveg eins gott að vera ekki reiður við mig.

— Nú skal ég segja þér nokkuð, Melia, sagði hann og gekk að arninum, þar sem hann gnæfði yfir hana. — Ég hefi

þekkt þig, allt frá því að þú varst lítill, heimskur, öskrandi ormur í barnarvagni ...

— Það var ég alls ekki, sagði Melia hvasst.

— Jú, þú varst það, en vertu ekki að grípa fram í. Það sem ég ætlaði að segja var, að þú hefir aldrei gert neitt, án þess að góðar og gildar ástæður lægju að baki. Svo að ef þú ætlar að slíta trúlofun okkar, þá er einhver viss ástæða, og ég vil fá að vita, hver hún er. Þegar ég var með þér í fyrradag, varst þú sérlega ánægð með að vera trúlofuð mér. Hvað hefir gerzt síðan?

— Þú hélzt ... að ég væri sérlega ánægð ..., leiðrétti hún.

— Hvað hefir gerzt síðan? Með hverjum hefirðu verið? Út með það, Melia!

— Tally. Ég er búin að skýra það allt í bréfinu mínu. Ég held ekki, að við verðum verulega hamingjusöm saman.

— Þú hefir ekkert skýrt. Þú hefir skrifað heilmikið rugl um, að við skiljum ekki hvort annað og svo framvegis ... en það gefur mér enga skýringu. Drottinn minn, Melia. Þú veizt þó, að ég elska þig.

Svipur Meliu mildaðist. — Ég held, að þú gerir það, Tally — en það er ekki nóg. Ég elska þig ekki nóg til að giftast þér.

— Melia, síðast á laugardaginn ræddum við um að setja tilkynninguna í The Times og ákveða brúðkaupsdaginn. Ég neyddist til að fara upp í sveit í gær til að heimsækja mömmu, annars hefði ég verið með þér. Hvað gerðirðu í gær? Ég vil fá að vita, hvað hefir gerzt, fyrst þú hefir skipt svo skyndilega um skoðun.

Hann reyndi að horfast í augu við hana, en hún sneri baki við honum og gekk út að glugganum. Í sama bili opnaði Oakes dyrnar.

— Afsakið, ungrú Amelia, en herra Danks er í símanum. Hann langar til að tala við yður.



— Segið honum, að ungrú Amelia sé úti, sagði Tally, áður en Melia gæti nokkuð sagt.

— Nei, nei, Oakes, sagði hún fljótt. — Segið hr. Danks, að ... að ég skuli hringja rétt bráðum. Ég get ekki komið í símann í augnablikinu.

Það var eitthvað við hik hennar, sem vakti tortryggni Tallys. Þegar Oakes lokaði dyrunum, sneri hann sér snögg að henni.

— Heyrðu mig, hvað er nú þetta? Fjórinn sjálfur, Melia, þú ætlar þó ekki að segja, að það sé Ernest Danks? Þú ert ekki með sjálfri þér.

— Láttu mig ekki heyra svona nokkuð, Tally! Ernest er mjög gáfaður ungur maður — og það er hann, sem á að verða nýi forsætisráðherrann — og það getur hann orðið á hverri stundu.

Tally starði á hana, eins og hún væri biluð á geðsmunum. Hann hnoðaði bréf hennar í kúlu og til að léttast á skapi sínu, fleygði hann því yfir herbergið. Svo stakk hann báðum höndum í vasana.

— Jæja, það er svona, sagði hann. — Þú ætlar að giftast Ernest Danks. Ja, hver fjandinn ....

— Ó, Tally, það er ennþá leyndarmál. Þú veizt, að forsætisráðherrann liggur fyrir dauðanum og að það getur ekki skipt nema nokkrum klukkustundum. Það væri ekki hæfilegt ... ef við Ernest ...

— Já, ég skil. Rödd Tallys var allt í einu orðin mjög róleg, svo róleg, að Melia starði undrandi á hann.

— Ég skil, endurtók hann. — Ég hefi aldrei getað trúað því, að það skipti þig svona miklu máli, að vera alltaf í sviðsljósinu. Ég hélt, að í þér byggi annað og meira en þessi eilífa leit að vera þekkt, vera fræg, en það lítur út fyrir, að ég hafi rangt fyrir mér. Vertu sæl, Melia. Ég vona, að þú verðir mjög hamingjusöm með forsætisráðherranum þínum.

Svo fór hann. Í þetta skipti skellti hann ekki hurðinni og gekk rólega niður stigann. Hann gekk út, settist upp í bílinn og ók burt.

Þeir hermenn, sem höfðu verið í herdeild Tallys í stríðinu, hefðu getað sagt Meliu, að þegar Tally væri í þessu skapi —þegar hann væri svona stilltur og rólegur — þá þýddi það, að hann væri reiður og myndi hefna sín.

Meðan Tally ók kringum Hyde Park hugsaði hann um Ernest Danks — mann, sem síðustu árin hafði orðið einn af mest áberandi stjórnámálamönnum landsins. Það lék ekki á tveim tungum, að hann var gáfaður, en Tally, sem hafði hitt hann oft, hafði ætíð fundizt, að hann væri sjálfelskufullur og metnaðargjarn. Það var ekk-ert óeðlilegt, að hann væri ástfanginn af Meliu, en það væri líka örugglega kostur fyrir hann að giftast stúlku, sem var vel efnuð, og það var Melia. Það vissi enginn betur en Tally, því að lönd hans lágu að landareignum föður hennar.

Sjálfur hafði Tally ætíð þekkt Meliu, en það var ekki fyrr en eftir stríðið, að hann hafði fengið áhuga á henni, því að nú var hún ekki aðeins uppkomin, heldur einnig regluleg fegurðardís og ein af eftirsóttustu ungu stúlkunum í London. Í fyrstu hafði Melia greinilega látið hann sjá, að hann hefði enga sérstöðu meðal aðdáenda hennar og Tally hafði tekið það sem ögrun. Að lokum hafði hún þó látið undan og lofað að giftast honum. En nú, þegar hann hafði tálið það útrætt mál, hafði þetta komið honum í opna skjöldu.

Væntanleg trúlofun þeirra hafði ekki verið neitt launungarmál. Allir vinir þeirra vissu um það og það var aðeins tímaspursmál, hvenær brúðkaupsdagurinn yrði ákveðinn.

Tally heyrði í huga sér allar athugasemdirnar, sem myndu dynja yfir. „Veslings Tally — en auðvitað er forsætisráðherra, sem þar að auki er svona ungur, betri

kostur". Fyrir Meliu var þetta auðvitað sigur, það skildi hann vel — brúðkaup í Westminster Abby. Öll neðri deildin myndi vera viðstödd og lávarðadeildin einnig — og jafnvel konungshjónin. Hve Melia myndi njóta þess. Hann hugsaði um næstum sjúklegan áhuga hennar á öllu, sem blöðin höfðu skrifað um væntanlegt brúðkaup þeirra.

„Sagt er, að hin fagra ungrú Amelia Melchester, dóttir Sir Charles og lafði Melchester, muni innan skamms lýsa yfir trúlofun sinni og Brora lávarðar, en stórkostleg afrek hans í stríðinu eru öllum ...”

Allt var klippt út og límt inn í bækur. Jæja, hugsaði Tally, hún myndi að minnsta kosti fá nóg af blaðaúrklippum, ef hún giftist Ernest Danks.

Skyndilega sneri hann bílnum við og ók aftur til Chesterfield Hill, en þegar þangað kom, skipti hann aftur um skoðun. Hann kæmist ekkert áfram með því að rífast við Meliu. Fyrst yrði hann að hugsa vandlega um þetta allt og skipuleggja árás sína.

Hann ók hægt framhjá nr. 96 og sá þá leigubíl stanza fyrir utan og Ernest Danks stíga út. Hann var dökkhærður, mjög fögur og grindhórður ungur maður, með óaðskiljanlega skjalatösku undir hendinni og svarta hattinn, sem tilheyrði einkennisbúningi stjórnámamannsins. Dyrnar opnuðust og Melia kom út og Tally sá hana rétta Danks hendurnar. Og það var þessi athöfn — að Melia rétti Ernest Danks báðar hendurnar — sem særði hann og honum gramdist meira en nokkuð annað.

— Ef náunginn hefði verið verulega aðlaðandi, hefði ég getað fyrirgefið henni, hugsaði hann. — En ef hann væri ekki einmitt tilvonandi forsætisráðherra, hefði hún aldrei litið við honum.

Og það sem verra var — hann vissi, að það var jafn satt og það, að Melia og Ernest Danks myndu aldrei eiga neitt

sameiginlegt, annað en þá yfirþyrmandi löngun að vera alltaf meðal þeirra, sem „ralað var um“.

Hann leit á úrið. Klukkan var orðin sex, svo að skrifstofan ætti að vera lokuð. En það var sama, hann ætlaði að fara þangað og gefa sér tíma til að hugsa sig um. Nokkrir vina hans biðu í klúbbnum og hann varð að hafa einhverja sögu á reiðum höndum. Hann varð að hugsa sig um.

Skrifstofa hans var á annarri hæð. Hún var ekki stór, en hafði fyrir löngu sannað gildi sitt. Hundruð manna höfðu komið upp þennan stiga, vonsviknir, en höfðu farið niður aftur hressir í anda. Það var ekki ætíð auðvelt að fá vinnu, þegar maður var nýkominn heim úr herþjónustu, en Tally hafði lag á að ræða við þá og fá fram hið bezta hjá þeim, eins og honum hafði ætíð tekizt með hermenn sína í orrustum.

Hann hafði verið heppinn, þegar hann réði ungfrú Ames, því hún hafði tekið á sig mikið af ábyrgðinni og hafði lag á að fara rétt að mönnum. Tally sjálfan dáði hún svo að nálgast tilbeiðslu og hann var feginn því, að hún var ekki á skrifstofunni núna, því að hún hefði strax séð, að eitthvað amaði að honum.

Niðursokkinn í hugsanir sínar gekk hann gegnum fremri skrifstofuna og opnaði dyrnar á einkaskrifstofu sinni. Hún var ekki stór, en hann hafði búið hana notalegum húsgögnum, með tvo stóra leðurstóla fyrir framan arininn og koparstungumyndir á veggjunum. Skrifborð hans stóð við gluggann. Sjálfur sat hann sjaldan við það, en ungfrú Ames notaði það oft, þegar hann var ekki við og hún þurfti að tala einslega við einhvern.

Hann var svo viss um, að enginn væri á skrifstofunni, að honum brá, þegar hann heyrði krampakennda hreyfingu frá skrifborðinu, þegar hann opnaði dyrnar. Hann nam staðar og starði, því að í sæti hans sat ung stúlka og grét, eins og

hún væri barin. Í fyrstu þekkti hann hana ekki, en svo minntist hann þess, að hafa séð hana fyrr. Ein af skrifstofustúlkunum var nýhætt og ungfrú Ames hafði sagt, að hún væri búin að ráða nýja — og þegar hann leit á fölt andlitið, mundi hann, hvað ungfrú Ames hafði sagt. „Hún er mjög ung, en það er mjög erfitt að fá skrifstofustúlkur núna, svo að ég hefi ráðið hana og við verðum bara að vona, að það rætist úr henna”. Hann hafði ekki hugsað um það þá, en nú flaug honum í hug, hvort ungfrú Ames hefði ekki missýnt.

Stúlkunin reis snögg upp. — Ó, afsakið, stamaði hún. — Ég fór bara hingað inn með nokkur skjöl.

— Það gerir ekkert, sagði hann. — En mér virðist þér vera dálítið sorgmædd.

— Mér þykir þetta leitt ... það var heimskulegt af mér ... en ég bjóst ekki við, að neinn myndi koma hér ... svona seint.

Hún lagði skjölin á skrifborðið og gekk til dyra og þurrkaði sér um augun á rennblautum vasaklút. Hún virtist ákaflega viðkvæm og mjög ung og ósjálfrátt reyndi Tally að hugga hana.

— Heyrið þér, sagði hann. — Ef eitthvað alvarlegt er að, get ég þá ekki hjálpað yður?

— Nei, þökk fyrir ... og afsakið, að ég fór hingað inn ... það var heimskulegt ... en ... mér varð svo mikið um og ...

— Já, ég get hugsað mér það, sagði Tally róandi. — En setjizt þér nú andartak. Þér eruð svo föll, að það lítur út fyrir að geti liðið yfir yður á hverri stundu.

— Nei, þökk fyrir ... það er raunar ekkert að mér ... Hún mjakaði sér nær dyrunum, en hún var svo hvít í framan, að Tally varð óttasleginn.

— Nei, sagði hann ákveðinn. — Nú gerið þér eins og ég segi og fáid yður sæti. Engin mótmæli. Ég hefi dálítið hér, sem mun koma yður til að líta tilveruna bjartari augum.



Hann gekk að skáp, náði í koníaksflösku, hellti dálitlu í glas og fyllti það svo af sódavatni.

— Drekkið þetta, sagði hann.

Hún gerði eins og hann sagði og drakk það eins og barn, sem tekur inn meðal. Svo brosti hún.

— Kærar þakkir, en er þetta ekki dálítið krassandi?

— Það hefir vissulega hressandi áhrif.

Hún sat á stólbrúninni, eins og reiðubúin að leggja á flóttu.

— Slakið nú á, sagði Tally og fékk sér whisky. — Segið mér, hvað er að.

— Ég verð víst að fara, sagði hún hikandi.

— Hvers vegna? Skiptir tíminn svo miklu máli í augnablikinu?

Hún leit á hann. — Nei, auðvitað ekki. Það er ekkert, sem skiptir máli lengur ... Röddin brast.

— Hvað hefir þá komið fyrir? spurði Tally vingjarnlega. Hún hikaði og hann fann, að hún þurfti að trúá einhverjum fyrir sorgum sínum. Eitthvað hafði gerzt, svo yfirþyrmandi, að það hafði kippt grundvellingnum undan henni og nú var hún einmana og brædd.

— Ég hefi — hefi fengið bréf, sagði hún að lokum.

— Já, það er venjan, sagði hann með samúð.

— Það ... það setti mig alveg úr jafnvægi. Það er frá manningum, sem ég hélt, að ég ætti að giftast og nú ... ja, nú vill hann ekki giftast mér.

Tally starði á hana. — Hvers vegna ekki? spurði hann.

— Af því að hann ætlar að giftast annarri.

— Þetta kemur mér kunnuglega fyrir, sagði Tally að nokkru við sjálfan sig, en bætti svo við í skyndi: — Og hvað meira?

Yður finnst ef til vill, að það hljómi heimskulega, en mig hefir alltaf langað til að giftast ... mér fannst það hið eina rétta fyrir mig, eina framtíðin, sem ég gat hugsað mér. En

nú veit ég alls ekki, hvar ég stend. Ég verð að byrja alveg frá grunni. Mér finnst, eins og ég hafi verið yfirgefin inni í miðri eyðimörk. Ég veit ekki, hvað ég á að gera ... hvaða leið ég á að velja. Hann sagði ekkert og brátt hélt hún áfram:

— Ég varð svo glöð, þegar ég fékk stöðu hérna, ég hefi aldrei unnið mér svona mikið inn og ungfrú Ames var elskuleg og vinnan athyglisverð. Ég skrifaði manninum, sem ég hélt, að ég ætti að giftast og sagði honum frá því og bréf okkar hljóta að hafa farizt á mis á leiðinni.

— Hvað heitið þér? spurði Tally, þegar hún þagnaði.

— Jean ... Jean MacLeod.

— Þér eruð þá frá Skotlandi. Hvers vegna fóruð þér til London?

— Að því að ég vildi græða svo mikið, að ég gæti keypt mér almennileg föt og átt dálítinn varasjóð. Ef ég hefði ekki verið svona stolt, hefði ég nú verið gift.

— Segið mér, hvers vegna hann vill allt í einu ekki eiga yður?

— Hann hefir hitt stúlku, sem á peninga, sagði Jean. — Ég þekki hana. Hún hefir alltaf verið að reyna að ná í hann og nú hefir hún hremmt hann. Jæja, mín vegna má hún það. Mér gremst bara, að þau skuli vorkenna mér — að ég geti ekki sýnt þeim, að mér standi á sama. Ég get heldur aldrei snúið aftur heim til Glendale, því að ég vil ekki láta vorkenna mér fyrir það, að önnur stúlka hafi stolið manninum, sem ég ætlaði að giftast, meðan ég var í London. Já, þér skiljið þetta ekki, sagði hún skyndilega. — Það hlýtur að hljóma heimskulega og lítils virði í yðar eyrum, en ég hefi ekki aðeins misst manninn, sem ég ætlaði að giftast, heldur einnig fortíð mína.

— Ég skil það alveg sérstaklega vel, sagði Tally. — Ég er nefnilega sjálfur í nákvæmlega sömu aðstöðu. Það var

einmitt verið að sparka mér fyrir annan, sem lítur út fyrir að verða mikill maður.

— Þér meinið þó ekki, að ungrú Melchester ...? spurði Jean með uppglennt augun af undrun.

Tally kinkaði kolli. — Jú. Hún hefir rekið mig frá sér.

— Ó, drottinn minn, það er hræðilegt — og hún, sem er svo falleg, svo hrífandi ... hvernig gat hún það? Það get ég ekki skilið.

— Það get ég, svaraði Tally hörkulega.

— Getið þér þá ekkert gert? Getið þér ekki reynt að tala um fyrir henni? spurði Jean. — Þér eruð þó að minnsta kosti hér á sama stað og getið heimsótt hana. Þér eruð ekki í öðrum landshluta, eins og ég.

— Ég er ekki ennþá búinn að ákveða, hvað ég geri, sagði Tally.

— Ég var einmitt að fréttu þetta núna.

— Ó, veslings Brora lávarður. Og það vita allir, að þið voruð trúlofuð, er það ekki? Hvað ætlið þér að segja vinum yðar?

— Það er einmitt það, sem ég er að hugsa um. Já, ungrú MacLeod, við erum greinilega í sama báti, svo að við ættuð að reyna að leggja heilann í bleyti og finna góða aðferð til að hefna okkar.

— En hvað ættum við að gera? sagði Jean. — Þér getið áreiðanlega bjargað yður, en í Glendale munu allir segja veslings Jean, og mér er meinilla við meðaumkvun.

Hún sagði það af slíkri ákefð, að það var í algeru ósamræmi við grannan vöxt hennar.

— Ég mun ekki heldur kæra mig um að heyra fólk segja „veslings Tally”. Hann lyfti glasi sínu. — Skál fyrir hefnd okkar.

Skyndilega fékk hann góða hugmynd.

— Ég held, að ég viti, hvað við eigum að gera, sagði hann.

— Andartak, við verðum að hugsa okkur vel um. Þér haldið, að fólk muni segja „veslings Jean“ um yður, og ég veit, að vinir mínir muni fljótlega fara að segja „veslings Tally“. Og það kærum við okkur ekki um.

— Nei, en ....

— Hlustið þér nú á. Við getum komizt hjá þessu með einu móti og snúið málunum á allt annan veg.

— Hvernig þá? spurði Jean ringluð. — Hvað eigið þér við?

— Ég á við, sagði Tally hægt, setti glasið frá sér á arinhilluna og starði á Jean, eins og hann sæi fyrir sér áætlun sína raðast saman lið fyrir lið. — Ég á við, að fólk hefir alltaf meðaumkvun með þeim, sem rekinn hefir verið; þeim, sem hefir verið sparkað, en ef við flýtum okkur, þá getum við orðið á undan þeim.

— Ég skil það ekki.

— Víst skiljið þér! Sjáið þér ekki sjálf, að hugmyndin er svo fullkomin, sem hægt er?

— En hvernig er hún þá?

— Að við opinberum, áður en þau opinbera!

— Já en ... hverjum eigum við að trúlofast?

Tally leit á hana og brosti. — Það er mjög einfalt, sagði hann. — Við trúlofumst hvort öðru — vitanlega.

## 2. Kafli

— Þetta er stórkostleg hugmynd, sagði Tally og stökk á fætur. — En það verður að framkvæma hana á réttan hátt og ég veit nákvæmlega, hver getur það.

Hann greip símann og hringdi, en Jean stamaði: — Já en ... en ... Brora lávarður ...

— Andartak, sagði hann. — Halló, er þetta White's-klúbbur-inn? Má ég tala við Fairfax kaptein?

Hann brosti til hennar og það var ekki í fyrsta sinn, sem hún hugsaði, hve glæsilegur hann væri. Strax fyrsta daginn, sem hún hafði unnið þarna, hafði henni fundizt, að hann væri mest aðlaðandi maður, sem hún hefði nokkurn tíma séð. Nú komst aðeins ein hugsun að — að þetta hlyti að vera draumur. Þessi fáranlega hugmynd gat ekki tilheyrt raunveruleikanum. Svo herti hún sig upp og gekk til hans.

Brora lávarður, sagði hún rólega. — Ég veit, að þetta er spaug, en ég skil ekki vel ... og nú langar mig til að fara.

— Spaug? Það er svo sannarlega ekkert spaug, svaraði Tally hvasst — en í símann sagði hann: — Halló, Gerald. Nei, það var ekki til þín — en ég þarf á þér að halda. Það hefir gerzt dálítið og þú verður að hjálpa mér. Já, þökk fyrir — svo fljótt, sem þú getur. Hann hló að einhverju, sem hinn sagði og lagði svo á.

— Hann kemur eftir andartak, sagði hann, en þegar hann sá áhyggjusvipinn á Jean, bætti hann við í mildari tón:

— Látið þér mig um að ráða fram úr þessu. Við höfum bæði beðið ósigur í bili — en vitanlega bara í bili. En það verðum við, sem endanlega förum með sigur af hólmi. Bíðið bara og sjáið!